

Aðalfundur Eignarhaldsfélags Suðurlands

haldinn föstudaginn 4. júlí 2025, kl. 11:30 að Austurvegi 56, Selfossi

Dagskrá

1. Setning fundar, kosning fundarstjóra og fundarritara

Ásta Stefánsdóttir, formaður stjórnar, setur fundinn og býður fundarmenn velkomna. Hún leggur til að halda sjálf um fundarstjórn og Ingunn Jónsdóttir, framkvæmdastjóri SASS, verði fundarritari og er sú tillaga samþykkt samhljóða.

Ásta Stefánsdóttir tekur við fundarstjórn og kannar lögmæti fundarins.

Mættir eru eftirtaldir fulltrúar með atkvæðisrétt:

Hluthafi	Eignarhlutur í %	Mætt með umboð	Hlutur í %
Byggðastofnun	39,99	Andri Þór Árnason	39,99
Sveitarfélagið Árborg	13,38	Guðm. Ármann Pétursson	13,38
Festa lífeyrissjóður	12,83	Örn Bragi Tryggvason	12,83
Samtök sunnl. sveitarfélaga	7,28	Ingunn Jónsdóttir	7,28
Hvergerðisbær	3,60	Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir	3,60
Rangárþing ytra	3,30	Jón G Valgeirson	3,30
Rangárþing eystra	3,13	Margrét Jóna Ísólfsdóttir	3,13
Lífeyrissjóður Rangæinga	2,75	Þröstur Sigurðsson	2,75
Bláskógabyggð	1,78	Ásta Stefánsdóttir	1,78
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	1,47	Bjarni H Ásmundsson	1,47
Hrunamannahreppur	1,26	Jón Bjarnason	1,26
Flóahreppur	0,62	Árni Eiríksson	0,62
Samtals:	91,3		91,3

Samtals mættir fulltrúar tólf eigenda með umboð fyrir 91,3 % hlutafjár og til fundarins hefur verið boðað samkvæmt samþykktum félagsins og hann úrskurðast því lögmætur.

2. Skýrsla stjórnarformanns

Fundarstjóri, ágætu hluthafar, góðir gestir.

Hér erum við komin saman á aðalfund félagsins okkar sem stofnað var þann 15. desember árið 1999 og þetta er því aðalfundur númer 26 í röðinni.



EIGNARHALDSFÉLAG SUÐURLANDS HF.

Á síðasta aðalfundi var farið nokkuð yfir sögu félagsins og tilurð að stofnun þess.

Frá síðasta aðalfundi hefur ekki verið mikil starfsemi hjá félaginu. Tveir stjórnarfundir voru haldnir fyrir áramót vegna kynningar aðila sem leitað eftir aðkomu félagsins að verkefni. Á stjórnarfund í desember var ákveðið að fjárfesta ekki í verkefninu. Nú liggja fyrir tvö erindi frá aðilum sem óska eftir að kynna stjórn EFS hugmyndir sem verða mögulega að verkefnum síðar.

Framkvæmdastjóri SASS og jafnframt félagsins lét af störfum í febrúar og nýr kom til starfa í maí, Ingunn Jónsdóttir, og bjóðum við hana velkomna. Ingunn hefur haft í nógu að snúast við að setja sig inn í starf framkvæmdastjóra SASS og EFS og ekki síst að koma skipulagi á gögn félagsins. Fyrsti stjórnarfundur á þessu ári var haldinn í morgun, fyrir þennan aðalfund.

Á seinasta starfsári var ekki fjárfest í neinum verkefnum og heldur ekki seldur hlutur í neinum félögum.

Eins og sjá má í ársreikningi og Ingunn mun fylgja nánar úr hlaði á eftir, sést að tap ársins var 6,1 millj.kr. og að eigið fé félagsins nam 115,3 milljónum.

Rekstur EFS er ekki ólíkur fyrra ári og markast af því að við eigum í félögum sem glímt hafa við langvarandi vanda. Þannig aukum við nú framlög á afskriftarreikning þar sem við teljum að sumar eignir okkar eru ekki vænlegar til framtíðar. Nánar er fjallað um það í umfjöllun um ársreikninginn. Svo eru önnur fyrirtæki sem ganga ágætlega og koma vonandi til með að ávaxta sig vel þegar fram líður s.s. Vaxa, HorseDay og Gufa.

Fyrir þá aðila og félög sem telja gagn í samstarfi við EFS þá munum við áfram verða til reiðu fyrir vænlegar hugmyndir og nýtast þeim sem áhuga hafa á samstarfi við félagið.

Góðir fundarmenn.

Að lokum vil ég þakka samstarfsmönnum mínum í stjórn EFS fyrir samstarfið á liðnu ári, sem og starfsmönnum SASS fyrir þeirra framlag að verkefnum sem tengst hafa félaginu.

Fundarstjóri ber skýrslu stjórnar upp til samþykktar og er hún samþykkt samhljóða.

3. Reikningur félagsins fyrir árið 2024

Framkvæmdastjóri fer yfir ársreikning félagsins og kynnir helstu stærðir:

Vaxtatekjur og verðbætur	kr.	3.157.951.-
Afskrift/niðurfærsla	kr.	(3.700.000)
Rekstrargjöld	-	(5.607.304.-)



EIGNARHALDSFÉLAG SUÐURLANDS HF.

Niðurstaða, tap ársins

-

(6.149.353.-)

Eigið fé félagsins í lok árs 2024 var kr. 115.369.565.- en skuldir félagsins voru kr. 2.339.859.- Bókfært verð fjárfestinga í sunnlensku atvinnulífi nema samtals kr. 58.694.946.- að teknu tilliti til óbeinnar niðurfærslu á síðustu árum samtals að fjárhæð kr. 34.000.000.-

Fundarstjóri gefur orðið laust. Umræður um tilgang og framtíð félagsins. Stjórn upplýsir að næsta verkefni hennar verði að rýna samþykktir og tilgang félagsins og koma með hugmyndir um framtíði þess.

Fundarstjóri ber reikninga félagsins upp til samþykktar og eru þeir samþykktir samhljóða.

4. Tillaga um meðferð hagnaðar/taps fyrir liðið starfsár

Tap varð á rekstri félagsins sem fært er á eiginfjárreikning.

Samþykkt samhljóða.

5. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir liðið starfsár

Tillaga er um að þóknun stjórnar verði til samræmis við það sem samþykkt var á ársþingi SASS sem fram fór í október 2024. Tillaga að þóknun stjórnar er eftirfarandi:

1. Laun stjórnar skulu nema 3% af þingfararkaupi fyrir hvern stjórnarfund og laun formanns 4,5% af þingfararkaupi fyrir hvern stjórnarfund. Fyrir aðra fundi skulu þau nema 3% af þingfararkaupi.
2. Fulltrúar í stjórn skulu fá greitt fyrir akstur til og frá fundarstað skv. akstursdagbók í samræmi við reglur RSK um aksturskostnað.

Tillagan samþykkt samhljóða.

6. Kosning stjórnar

Tillaga kemur fram um eftirtalda aðalmenn í stjórn.

Aðalmenn í stjórn:

Ásta Stefánsdóttir, Selfossi fyrir Byggðastofnun

Andri Þór Árnason, Sauðárkróki fyrir Byggðastofnun

Guðmundur Ármann Pétursson, Sveitarfélaginu Árborg f sveitarfélögin á Suðurlandi

Örn Bragi Tryggvason, Selfossi fyrir Festa lífeyrissjóð

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Rangárbírgi ytra fyrir sveitarfélögin á Suðurlandi



EIGNARHALDSFÉLAG SUÐURLANDS HF.

Samþykkt samhljóða.

Tillaga kemur fram um eftirtalda í varastjórn.

Varamenn í stjórn:

Guðbjörg Óskarsdóttir, Sauðárkróki, fyrir Byggðastofnun

Pétur Grétarsson, Sauðárkróki, fyrir Byggðastofnun

Bragi Bjarnason, Sveitarfélaginu Árborg fyrir sveitarfélögin á Suðurlandi

Halldóra Sveinsdóttir, Þorlákshöfn fyrir Festa lífeyrissjóð

Nanna Jónsdóttir, Ásahreppi fyrir sveitarfélögin á Suðurlandi

Samþykkt samhljóða.

7. Kosning endurskoðanda

Endurskoðandi félagsins er kosinn.

Price Waterhouse Coopers - c/o Ólafur Gestsson, löggiltur endurskoðandi, Selfossi.

Samþykkt samhljóða.

8. Önnur mál löglega upp borin

Engin önnur mál voru upp borin.

Fundarstjóri óskar eftir heimild til handa fundarritara og fundarstjóra að ganga frá fundargerðinni og senda hana til hluthafa. Þá er þeim einnig falið að tilkynna nýja stjórn til fyrirtækjaskrár.

Samþykkt samhljóða.

Formaður þakkar fundarstjóra fyrir fundarstjórn, fundarmönnum góðan fund og gott samstarf á liðnu ári.

Fundarstjóri segir fundi slitið kl. 12:30

Ásta Stefánsdóttir, fundarstjóri

Ingunn Jónsdóttir, fundarritari